

Fundur í æskulýðs- og íþróttanefnd.  
56. fundur  
Haldinn í Ráðhúsinu 19. Janúar 2016 kl. 17:00

- Fengum samþykkt að fara af stað með stefnumótun í æskulýðsmálum.
- Allir nefndarmenn sammála um að þurfa að vera virkir og tilbúnir í þá vinnu sem þarf til þess að vinna að stefnumótun.
- Fórum yfir þau markmið sem uppsett eru í skjali frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Agnes ræddi hvern punkt og útskýrði. Hver nefndarmaður valdi sér markmið til að vinna með og skoða út frá núverandi stöðu okkar samfélags.
- Ákveðið var að hittast eftir viku, þriðjudaginn 27. janúar þar sem hver og einn ræðir hvaða niðurstöðu þeir komust varðandi sitt markmið.
- Eftir þann fund mun nefndin hitta Ingvar Sigurgeirsson sem stýrir vinnunni varðandi endurskoðun Skólafélagi Stykkishólmsbæjar.

Markmiðin eru:

1. Skipulag æskulýðsmála sé samræmt á landsvísu og stuðli þannig að samstarfi allra aðila sem koma að æskulýðsstarfi.
2. Þátttaka barna og ungmenna í æskulýðsstarfi sé aukin og starfið taki mið af þörfum hvers einstaklings.
3. Börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsstarf.
4. Fjármögnun æskulýðsstarfs sé trygg og gætt sé jafnræðis við úthlutun fjármagns.
5. Upplýsingar og miðlun upplýsinga sem varða æskulýðsstarf taki mið af þörfum, væntingum og aðstæðum barna og ungmenna.
6. Menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum sé fagleg og stuðli að sífelldum auknum gæðum í æskulýðsstarfi.
7. Fjölbreytni sé í rannsóknarverkefnum á sviði æskulýðsmála og tryggt að niðurstöður séu nýttar í þágu æskulýðsstarfs.

Fundi slitið kl. 18:30.

Mættir:

Magnús Bæringsson

Ólöf Rún Ásgeirsdóttir

Gunnlaugur Smáráson

Matthías Þorgrímsson

Agnes Helga Sigurðardóttir